



Reykjavík, 15. apríl 2024

VEL24030035

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Efni: Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins um að gerð verði könnun meðal foreldra grunnskólabarna um skólasálfræðinga

Þann 13. mars 2024 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

*Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að gerð verði könnun meðal foreldra grunnskólabarna um hvort þeir viti hver skólasálfræðingur barna þeirra er og þekki hann jafnvel með nafni.*

#### Umsögn:

Umsögn er unnin í samráði við skóla- og frístundasvið.

Áherslur verkefnisins Betri borg fyrir börn (BBB) er að ráðgjafar sem sinna skólaþjónustu og aðrir fagaðilar BBB hafi viðveru í skólum eins og kostur er, sérstaklega í kringum nemendaverndar- og lausnateymisfundi. Á þeim tímum eru þeir aðgengilegir starfsfólki skólans og geta hitt nemendur eftir þörfum. Ráðgjafar miðstöðva sem sitja í lausnateymum leik- og grunnskóla og nemendaverndarráðum grunnskóla eru með skipulagða fasta viðveru í skóla og leikskóla þar sem hægt er að veita eitt til þrjú viðtöl með litlum fyrirvara.

Foreldrar geta í dag óskað eftir símaviðtali við ráðgjafa á Rafrænni miðstöð sem getur veitt allar upplýsingar og leiðbeint um starfsemi bæði velferðar- og skólaþjónustu BBB. Hafa ber í huga að foreldrar hafa ekki beint aðgengi að sálfræðingum og öðru fagfólki skólaþjónustunnar. Aðgengi að þeim er stýrt í gegnum formlegar beiðnir sem berast frá skólum og/eða foreldrum, eða eru ákvarðanir lausnateymis- og nemendaverndarráðsfunda. Þetta er gert til þess að tryggja að þau börn sem þurfa mest á þjónustunni að halda hafi greiðan aðgang að þjónustunni. Öðrum börnum er sinnt af bestu getu af þeim úrræðum sem er að finna innan skólanna svo sem af skólahjúkrunarfræðingum, námsráðgjöfum, deildarstjórum stoðþjónustu, frístundaráðgjöfum og tengiliðum farsældar.

Mikilvægt er að foreldrar hafi upplýsingar um hvaða fagfólk kemur að stuðningi við börn í skólum enda koma slíkar upplýsingar gjarnan fram á heimasíðu skóla. Hins vegar hafa nöfn tiltekinna sálfræðinga ekki verið birt. Samkvæmt upplýsingum skóla- og frístundasviðs er verið að vinna að endurbótum á heimasíðum skóla sem eru aðgengilegar í gegnum heimasíðu Reykjavíkurborgar. Þar verður að finna upplýsingar um hvert nemendur og foreldrar geta leitað eftir stuðningi, en hægt er að leita eftir slíkum stuðningi innan skólans eða gegnum miðstöð.



Reykjavík



Það er mat sviðanna að ekki sé talin ástæða til að leggja spurningakönnun fyrir foreldra og þeir spurðir um nafn skólasálfræðinga barna þeirra. Í nóvember 2023 var send út foreldrakönnun um skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu við börn. Um var að ræða fyrstu könnun sem velferðar- og skóla- og frístundasvið sameinuðust um á grundvelli verkefnisins BBB. Tækifæri liggja í endurskoðun og viðbótum við þá könnun þar sem taka má tillit til upplýsingargjafar um hvaða þjónusta stendur börnum til boða. Í tengslum við innleiðingu BBB verður fylgt eftir að skólar upplýsi foreldra og börn um hvert þau geti leitað sér aðstoðar með því að skoða heimasíður skólanna sem og spyrja stjórnendur hvort ekki sé tryggt að öll börn og foreldrar þeirra séu upplýst og þá með hvaða hætti. Þá er hugsanlegt að í kjölfarið verði foreldrar spurðir í almennum foreldrakönnunum hvort þeir þekki hvaða stuðning börn geti fengið innan skólans og hvernig þeim takist að nálgast upplýsingar um þann stuðning.

Þegar málefni barna eru tekin til meðferðar á miðstöðvum fá foreldrar upplýsingar um nafn þess sálfræðings sem erindi hefur verið vísað til.

